

Hildigunnur Haraldsdóttir,  
Hús og skipulag  
Bolholti 8  
105 Reykjavík



Reykjavík, 21. september 2012  
Tilvísun: UST20120700141/bs

### Aðalskipulag Grundarfjarðar-breyting.

Vísað er til bréfs Hildigunnar Haraldsdóttur dags. 19. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar, en í breytingunni felst að skilgreind er lega þess hluta jarðstrengs RARIK milli Ólafsvíkur og Grundarfjarðar sem er innan Grundarfjarðarbæjar sem er um 12 km að lengd.


Umhverfisstofnun hefur með bréfi dags. 10. september sl. til Skipulagsstofnunar gefið umsögn um matskyldu fyrirhugaðrar jarðstrengslagnar.


Í umsögn stofnunarinnar segir m.a.: *Umræddir jarðstrengir verða að mestu lagðir í og við núverandi vegsvæði. Þar sem vikið er frá vegi liggur strengurinn í graslendi eða í jaðri votlendis nærri fláafæti. Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru talin verða tímabundin röskun á gróðri. Með vönduðum frágangi ættu sýnileg áhrif framkvæmdarinnar að hverfa á fáum árum.*

Strengleiðin er að hluta innan svæðis nr. 225 á náttúruminjaskrá Búlandshöfði, en strenglöggnin mun ekki hafa áhrif á verndargildi svæðisins sem er talið vera: *Merk jarðlög með steingerðum skeljum.*

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda breytingu á aðalskipulagi. Stofnunin vill þó benda á að ekki liggur fyrir úrskurður Skipulagsstofnunar um matskyldu umræddrar framkvæmdar.

Virðingarfyllt

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
deildarstjóri

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur